



27. fundur skipulags-, umhverfis -og umferðarnefndar Blönduós bæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 8. febrúar 2017
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, aðalmaður
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Bjarni Þór Einarsson, skipulagsfulltrúi
Þorgils Magnússon, byggingafulltrúi

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason.

Dagskrá:

1. Uppbygging ehf - fyrirspurn um lóð - 1612010

Fyrirspurn um lóð fyrir 20 íbúða fjölbýlishús sem væri 5 hæðir. Skoðaðir hafa verið nokkrir kostir sem eru til kynningar.

Nefndin fór yfir stöðuna og felur Tæknideild að vinna áfram að málinu.

2. Deiliskipulag við Norðurlandsveg - 1411003

Samþykkja þarf nafn á götu inn í deiliskiplagt hverfi til að hægt sé að stofna lóðir.

Nefndin leggur til að gatna í hverfinu heiti Miðholt en nýr vegur frá Norðurlandsvegi heiti Þverholt.

3. Aefinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. - 1510002

Kynnt auglýsing um breytingu á aðalskipulagi en það var auglýst á dögnum og er athugasemdafrestur til 9. mars 2017. Jafnframt voru auglýst deiliskipulag af skotfélagssvæði og breyting á deiliskipulagi í Brautarhvammi.

Lagt fram til kynningar.

4. Deiliskipulag á Hnjúkabyggðarreit - 1702005

Kynnt tillaga að skipulagi á efri hluta Hnjúkabyggðar þar sem gert er ráð fyrir verslunar- þjónustu og iðnaðarhúsnæði ásamt íbúðarhúsnæði.

Lögð voru fram drög að skipulagi reitsins ásamt greinargerð sem unnin var af Yngva Þór Loftssyni hjá Landmótun. Að afloknum umræðum og framkomnum ábendingum var Tæknideild falið að kynna hugmyndirnar fyrir hagsmunaaðilum og kalla eftir ábendingum þeirra.



5. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 14 - 1612003F

Fundargerðin lögð fram til kynningar

6. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 15 - 1701002F

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 16 - 1702002F

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Valgarður Hilmarsson

Brynja Birgisdóttir

Jakob Jónsson

Guðmundur Sigurjónsson

Erla Ísafold Sigurðardóttir

Ágúst Þór Bragason

Bjarni Þór Einarsson

Þorgils Magnússon

Jón Jóhannsson